5. spurningu sömuleiðis. Gjaldfrelsi utanþjóðkirkjusafnaðarins í Hólma prestakalli, 96
það er ræðir um í 16. gr. ofannefndra laga, telst frá þeim tíma, er prestur hans hefur 15. sept.
svarið eið þann, er ræðir um í 14. gr. laganna, og ber utanþjóðkirkjumönnum því að svara sóknarprestinum tiltölulegum hluta til þess tíma af ársgjöldum þeirra til hans það fardagaár.

Að endingu skal þess getið, að utanþjóðkirkjupresturinn í Reyðarfirði, sjera Lárus Halldórsson hefur samkvæmt ósk sinni, til þess að geta uppfyllt skyldur þær um bókfærslu, sem að ofan er getið, fengið greiddan úr landssjóði kostnað við útvegun 4 bóka sem hann ætlar fyrir ministerialbók, sálnaregistur, aðalsamanburðarregistur og brjefabók.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um skiptingu hrepps.**—Eptir að hafa með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 6. þ. m. og samkvæmt 97
brjefi mínu 28. júní þ. á. meðtekið ný álitsskjöl frá hreppsnefndinni í Kleifahreppi og sýslunefndinni í Vesturskaptafellssýslu, viðvíkjandi sundurskiptingu tjeðs hrepps, svo og skýrslu um búandafjölda og um aukaútsvars og tíundarupphæðir í hverjum hinna fyrirhuguðu 3 hluta Kleifahrepps síðustu 5 árin, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar að jeg eptir skýrslum þessum og öðrum kringumstæðum eigi get álitið nauðsynlegt eða haganlegt að Kleifahreppi verði skipt í 3 hluta eins og farið hefur verið fram á. Aptur á móti væri jeg eigi mótfallinn því að fallast á varauppástungu sýslunefndarinnar í Vesturskaptafellssýslu um að Kleifahreppi verði skipt í tvennt þannig að Geirlandsá verði látin ráða skiptingunni, og skal jeg því jafnframt skora á yður að gefa hreppsnefndinni í nefndum hreppi tækifæri til að láta í ljósi, hvort hún vill heldur að hreppnum verði skipt á þennan hátt, en að ekki verði af skiptingu á honum í þetta sinn. 22. sept.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um framfærslurjett þurfamanns.** — Þjer hafið, herra amtmaður, með úrskurði, dags. 10. febr. 98
þ. á., er hreppsnefndin í Dyrhólahreppi hefur áfrýjað til mín, kveðið svo á út af ágreiningi milli nefnds hrepps og Stokkseyrarhrepps um sveitfesti Sigurðar nokkurs Sigmundssonar í Grímsfjósum, að þurfamaður þessi eigi framfærslurjett á fæðingarhreppi hans, Dyrhólahreppi, og að hreppur þessi skuli skyldur til að endurgjalda Stokkseyrarhreppi 142 kr. 61 e. er Sigurður var búinn að þiggja þar úr sveitarsjóði 20. nóv. f. á., svo og allt það, er hann enn fremur kynni að hafa þegið eða verða að þiggja úr sama sjóði. 23. sept.

Þurfamaður sá sem hjer ræðir um, og sem einsog áður er á vikið, er fæddur í Dyrhólahreppi, fluttist í fardögum 1874 25 ára gamall inn í Stokkseyrarhrepp og hefur dvalið þar síðan, en þjer hafið þó eigi álitið, að hann hafi áunnið sjer þar framfærslurjett sökum þess, að hann 8. febr. 1884 hafi þegið þar sjer til bjargar úr sveitarsjóði 8 pund af tólg eins og enn fremur nægileg sönnun sje framkomin fyrir því, að hann hafi haustið 1882 fengið 20 kr. styrk af fátækrasjóði Dyrhólahrepps.

Jeg fæ þó eigi sjeð, að sú sönnun sje framkomin fyrir styrkveitingum þessum, að þær geti staðið fyrir því, að Sigurður hafi með dvöl sinni í Stokkseyrarhreppi unnið þar rjett til sveitarframfæris, því að þó að Sigurður, að því er kemur til 20 króna styrksins úr Dyrhólahreppi, hafi sjálfur játað að sá styrkur hafi verið veittur honum úr sveitarsjóði, þá hefur aptur á móti hreppsnefndarmaður sá, er ljet hann fá 20 krónurnar,